

Ed.

643. Frumvarp til laga

[178. mál]

um Útvegsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 631 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Bankaráð ræður þrjá bankastjóra og eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Laun bankastjóra skulu ákveðin af bankaráði með samþykki ráðherra, en aldrei mega þau vera hærri en laun bankastjóra við Landsbanka Íslands. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur skal vera tólf mánuðir. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, en þá skulu honum greidd sex mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Enn fremur getur sá ráðherra, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá.

Uppsögn skal jafnan vera skrifleg og greindar ástæður.

Bankaráð setur bankastjórnum erindisbréf.

Bankaráð getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei vera hlutfallslega hærri en þeir starfsmenn bankans fá hæst, sem eftirlauna njóta úr eftirlaunasjóði starfsmanna bankans.

Ákvæði þessi um hámark eftirlauna skulu þó eigi gilda um núverandi bankastjóra, er þeir hætta störfum, hafi þeir starfað sem bankastjórar 15 ár eða lengur.

Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara, aðalféhirði og útíbússtjórum, og ekkjum þeirra, eftirlaun af fé bankans eftir sömu reglum, telji það þá fá óeðlilega lág eftirlaun úr eftirlaunasjóðnum.

18. gr. hljóðar svo:

Bankaráð hefur æðsta vald í öllum málefnum bankans, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum eða reglugerð, og kemur fram fyrir bankans hönd gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni. Bankaráðið hefur eftirlit og umsjón með eignum bankans og starfsemi hans.

Bankaráð ræður aðalféhirði og aðalbókara bankans og stjórnendur útíbúa hans og ákveður laun þeirra og annarra starfsmanna hans.

Formaður bankaráðs hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit í bankanum. Hinir bankaráðsmennirnir skulu skiptast á um eftirlit, ásamt formanni. Hefur hver einstakur bankaráðsmaður aðgang að öllum bókum og skjölum bankans til eftirlits, enda hvílir á honum fullkomin þagnarskylda.

Nánari ákvæði um afskipti bankaráðsins af bankarekstrinum skulu sett í reglugerð.